

**Mál nr. 210/2022**

**Nafn málskotsaðila (M)**

**Nafn varnaraðila (V)**

**Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.**

**Skráningarnúmer ökutækis (X)**

### **Orsakatengsl. Sönnun.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið 4. júlí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 26. júlí 2022.

**Málsatvik.**

Árekstur varð þann 2. október 2021 á Flugvallavegi við Bústaðaveg er bifreiðinni X var ekið aftan á biðreið M sem var kyrrstæð við gatnamótin. Leitaði M daginn eftir slysið á Læknavaktina og kvartaði undan verkjum í efra baki, lendhrygg og vinstri öxl. Ráðlagði læknirinn hvíld og gaf út læknisvottorð til atvinnurekanda vegna óvinnufærni fyrir næstu tvo daga. Leitaði M ítrekað á heilsugæslu næstu vikur og mánuði vegna einkenna sinna, aðallega frá mjóbaki og fékk framlengingu á vottorði um óvinnufærni. Í byrjun ársins 2022 sótti hún um sjúkradagpeninga til Sjúkratrygginga Íslands vegna óvinnufærni sinnar í kjölfar slyssins. Upplýsingar um fyrra heilsufar M í gögnum málsins ná aftur til janúar 2021.

Þann 12. október 2021 tilkynnti M um líkamstjón til V. Með tölvupósti dags. 18. janúar 2022 upplýsti V lögmann M um að það hafi aflað útreiknings á hraða ökutækisins og þeim höggkrafti sem verkaði á það við atburðinn. Upplýsti V að gögnin bentu ekki til þess að varanlegt heilsutjón geti hafa hlotist af atvikinu og óskaði eftir vottorði frá heilsugæslu um fyrra heilsufar og komur til læknis í kjölfar slyssins. Með tölvupósti þann 9. maí 2022 upplýsti V að það hugðist ekki hlutast til um frekari gagnaöflun né greiðslu fyrir hana þar sem fyrirliggjandi gögn bentu ekki til að varanlegt heilsutjón geti hafa hlotist af atvikinu miðað við ákomur á ökutækinu. Í málinu liggur einnig fyrir læknisvottorð heimilislækis dags. 14. febrúar 2022, sjúkraskrá fyrir tímabilið 2. október 2021-14. janúar 2022 og skýrsla sem V aflaði um PC-Crash útreikninga dags. 27. desember 2021. M telur að orsakatengsl séu fyrir hendi milli árekstursins þann 2. október 2021 og þeirra einkenna sem hún býr við eftir slysið. Bendir M á að hún hafi verið óvinnufær með öllu frá slysdegi og hafi undirgengist röntgen myndrannsóknir þann 21. október 2021 sem sýndu slitbreytingar í brjósthrygg og hrörnunarbreytingar í lend- og spjaldhrygg. Vísar M einnig til þess að höfnun V á bótaskyldu byggji eingöngu á einhliða aflaðri skýrslu um hraða- og höggútreikning, svokallaðri PC-crash skýrslu, auk ljósmynda af ökutæki M. Um sé að ræða rannsókn sem var framkvæmd einhliða af V og það sé ekki á færi reikniforrítsins að skera úr um hversu umfangsmiklar afleiðingar slyss eru fyrir einstaklinga enda sé einungis tekið mið af áætlaðri þyngd ökumanna og vigt ökutækja en ekki tekið tillit til þátta eins og kyns tjónþola, aldurs, fyrri heilsufarssögu eða í hvaða líkamsstillingu viðkomandi var er hún varð fyrir árekstri, en allt eru það þættir sem geta haft áhrif á afleiðingar tjónþola eftir árekstra. Máli sínu til stuðnings vísar M til dóma Hæstaréttar í málum nr. 228/2013, 542/2012, 107/2009, dóma Héraðsdóms Reykjavíkur í málum nr. E-13/2013 og E-6/2015 auk úrskurða nefndarinnar í málum nr. 259/2014 og 270/2014.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X. Afstaða félagsins byggir á því að orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem M rekur til þess séu ósönnuð og bendir á að meginreglur um sönnun í skaðabóta- og váttryggingarétti geri ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Slík sönnun hafi ekki tekist. Einkenni tjónþola sem lýst var hjá lækni eftir slysið voru nokkuð almenn einkenni og liggur ekkert lækisfræðilegt mat á því hvort líkamleg einkenni M verði rakin til árekstursins eða að hún hafi orðið fyrir varanlegum afleiðingum í kjölfar slyssins.

**Álit.**

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 2. október 2021. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvaddis matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Samkvæmt

almennum sönnunarreglum ber M ber sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að M leitaði daginn eftir slysið á Læknavaktina og lýsti ósértækum einkennum frá efra baki, lendhrygg og vinstri öxl. Við komur til lækna næstu mánuði eftir slysið kvartaði M aðallega undan verkjum frá mjóbaki. Í málinu liggja ekki fyrir gögn um fyrra heilsufar M nema frá miðjum janúar 2021 þ.e. 10 mánuðum fyrir áreksturinn. Á slysdegi var M 45 ára gömul og má því ætla að hún eigi sér einhverja sjúkrasögu fram til ársins 2021. Er því ekki ljóst hvort einkenni M frá mjóbaki tengist fyrra heilsufari hennar eða árekstrinum sem hér er til umfjöllunar. Þá liggur ekki fyrir læknisvottorð frá sérfræðingum eða álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila um líkamstjón af völdum þessa áreksturs. Verður M að bera hallan af þeim sönnunarskorti sem að ofan er lýst. Að virtum þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna áreksturs þann 2. október 2021.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 13. september 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir